

## Fylgiseðill: Upplýsingar fyrir sjúkling

### Ramíl 2,5 mg, 5 mg og 10 mg töflur

ramipríl

#### Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Í honum eru mikilvægar upplýsingar.

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til læknisins eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum.
- Þessu lyfi hefur verið ávísað til persónulegra nota. Ekki má gefa það öðrum. Það getur valdið þeim skaða, jafnvel þótt um sömu sjúkdómseinkenni sé að ræða.
- Látið lækninn eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Sjá kafla 4.

#### Í fylgiseðlinum eru eftirfarandi kaflar:

1. Upplýsingar um Ramíl og við hverju það er notað
2. Áður en byrjað er að nota Ramíl
3. Hvernig nota á Ramíl
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig geyma á Ramíl
6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

### 1. Upplýsingar um Ramíl og við hverju það er notað

Ramíl inniheldur lyf sem kallast ramipríl. Það tilheyrir flokki lyfja sem kallast ACE-hemlar.

Ramíl verkar með því að:

- Minnka framleiðslu efna í líkamanum sem geta hækkað blóðþrýstinginn.
- Slaka á æðum og víkka þær.
- Auðvelda hjartanu að dæla blóðinu um líkamann.

Ramíl er hægt að nota:

- Til meðferðar við háum blóðþrýstingi (háþrýstingi).
- Til að minnka hættuna á að þú fái hjartaáfall eða heilaslag.
- Til að minnka hættuna á eða tefja versnun nýrnvandamála (hvort sem þú ert með sykursýki eða ekki).
- Til að meðhöndla hjartað þegar það getur ekki dælt nægilega miklu blóði um líkamann (hjartabilun).
- Sem meðferð í kjölfar hjartaáfalls (hjartadreps) með hjartabilun sem fylgikvilla.

Verið getur að læknirinn hafi ávísað lyfinu við öðrum sjúkdómi eða í öðrum skömmtum en tiltekið er í þessum fylgiseðli. Ávallt skal fylgja fyrirmælum læknis og leiðbeiningum á merkimiða frá lyfjabúð.

### 2. Áður en byrjað er að nota Ramíl

#### Ekki má nota Ramíl

- ef um er að ræða ofnæmi fyrir ramipríli, öðru lyfi sem er ACE-hemill eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins (talin upp í kafla 6). Einkenni ofnæmisviðbragða geta verið m.a. útbrot, kyngingar- eða öndunarerfiðleikar, þroti á vörum, andliti, hálsi eða tungu.

- ef þú hefur einhvern tíma fengið alvarleg ofnæmisviðbrögð sem kallast „ofnæmisbjúgur“ (angioedema). Einkennin eru m.a. kláði, ofsakláði, rauðir blettir á höndum, fótum og hálsi, þroti í hálsi og tungu, þroti umhverfis augu og varir, öndunar- og kyngingarerfiðleikar.
- ef þú ert í blóðskilun eða einhverri annarri tegund blóðsúunar. Það fer eftir því hvaða vél er notuð hvort Ramíl hentar þér.
- ef þú ert með nýrnavandamál þar sem blóðflæði til nýrna er skert (þrengingar í nýrnaslagæðum).
- á síðustu 6 mánuðum meðgöngu (sjá kafla hér að neðan: „Meðganga og brjóstagjöf“
- ef blóðþrýstingurinn hjá þér er óeðlilega lágur eða óstöðugur. Læknirinn þarf að meta þetta.
- ef þú ert með sykursýki eða skerta nýrnastarfsemi og ert á meðferð með blóðþrýstingslækkandi lyfi sem inniheldur aliskiren
- ef þú hefur tekið eða ert að taka sacubitril/valsartan, lyf sem notað er til að meðhöndla ákveðna gerð langvarandi (krónískrar) hjartabilunar hjá fullorðnum, þar sem aukin hættu er á ofnæmisbjúgi (skyndilegri bólgu undir húðinni á svæðum eins og hálsinum).

Ekki taka Ramíl ef eitthvað af ofangreindum atriðum á við um þig. Ræddu við lækninn áður en þú tekur Ramíl ef þú ert ekki viss.

### Varnaðarorð og varúðarreglur

#### Leitið ráða hjá læknum eða lyfjafræðingi áður en Ramíl er notað, einkum:

- Ef þú ert með hjarta-, lifrar-, eða nýrnavandamál.
- Ef þú hefur tapað miklu af söltum úr líkamanum (vegna uppkasta, niðurgangs, hefur svitnað óeðlilega mikið, ert á saltsnaudu fæði, notað þvagræsilyf (vatnslosandi töflur) í langan tíma eða verið í blóðskilun).
- Ef þú ætlar í meðferð til að minnka hjá þér ofnæmi fyrir býflugna- eða geitungabitum (afnæmingu).
- Ef þú ert að fara í svæfingu. Hún gæti verið vegna aðgerðar eða tannlækninga. Þú getur þurft að hætta Ramíl meðferðinni einum degi áður; leitaðu ráða hjá læknum.
- Ef þú ert með mikið magn af kalíum í blóðinu (kemur fram í blóðprófum).
- ef þú ert með bandvefsæðasjúkdóm svo sem herslishúð eða helluroða.
- Þú verður að láta lækninn vita ef þú heldur að þú sért (eða gætir orðið) þunguð. Notkun Ramíl er ekki ráðlögð fyrstu 3 mánuði meðgöngu og getur valdið barninu alvarlegu skaða ef það er notað eftir 3 mánuði meðgöngu (sjá kaflann hér að neðan „Meðganga og brjóstagjöf“).
- Ef þú tekur lyf eða ert með sjúkdóma sem geta minnkað magn natríums í blóðinu. Hugsanlegt er að læknirinn taki reglulega blóðprufu til að mæla magn natríums í blóðinu, sérstaklega ef þú ert alraður/öldruð.
- Ef þú notar eitthvert af eftirtöldum lyfjum sem notuð eru til að meðhöndla háan blóðþrýsting:
  - angíótensín II viðtakablokka (einnig þekkt sem sartan-lyf - til dæmis valsartan, telmisartan, irbesartan) sérstaklega ef þú ert með nýrnakvilla sem tengjast sykursýki.
  - aliskiren
- Ef þú notar eitthvert eftirfarandi lyfja getur það aukið hættu á ofnæmisbjúgi:
  - racecadotril, lyf sem er notað til að meðhöndla niðurgang,
  - lyf sem eru notuð til að koma í veg fyrir höfnun ígræddra líffæra og gegn krabbameini (t.d. temsirolimus, sirolimus, everolimus),
  - vildagliptín, lyf sem er notað til að meðhöndla sykursýki.
- Ef þú ert af svörtum kynstofni er hættan á ofnæmisbjúgi (eins og lýst er í „Ekki má nota Ramíl“) meiri en hjá sjúklingum sem ekki eru af svörtum kynstofni.

Hugsanlegt er að læknirinn rannsaki nýrnastarfsemi, mæli blóðþrýsting og magn blóðsalta (t.d. kalíums) með reglulegu millibili.

Sjá einnig upplýsingar í kaflanum „Ekki má nota Ramíl“.

### Börn og unglingar

Notkun Ramíl er ekki ráðlögð hjá börnum og unglum 18 ára og yngri vegna þess að ekki hefur verið sýnt fram á öryggi og verkun Ramíl hjá börnum.

Ef eitthvað af ofangreindu á við um þig (eða ef þú ert ekki viss) skalt þú ræða við lækinn áður en þú tekur Ramíl.

### **Notkun annarra lyfja samhliða Ramíl**

Látið lækinn eða lyfjafræðing vita um öll önnur lyf sem eru notuð, hafa nýlega verið notuð eða kynnu að verða notuð. Þetta er vegna þess að Ramíl getur haft áhrif á hvernig sum önnur lyf verka. Auk þess geta sum lyf haft áhrif á hvernig Ramíl verkar.

Láttu lækinn vita ef þú tekur eitthvert eftirtalinna lyfja. Þau geta dregið úr verkun Ramíl:

- Lyf notuð gegn verkjum og bólgu (t.d. bólgueyðandi gigtarlyf svo sem íbúprófen eða indómetacín og aspirín).
- Lyf notuð til meðferðar við lágum blóðþrýstingi, losti, hjartabilun, astma eða ofnæmi svo sem efedrín, noradrenalín eða adrenalín. Læknirinn mun þurfa að athuga blóðþrýstinginn.

Láttu lækinn vita ef þú tekur eitthvert eftirtalinna lyfja. Þau geta aukið líkur á að þú fái aukaverkanir ef þú tekur þau með Ramíl:

- Sacubitril/valsartan - notað til að meðhöndla ákveðna gerð langvarandi (krónískrar) hjartabilunar hjá fullorðnum (sjá kafla 2 „Ekki má nota Ramíl“).
- Lyf notuð gegn verkjum og bólgu (t.d. bólgueyðandi gigtarlyf svo sem íbúprófen eða indómetacín og aspirín).
- Lyf gegn krabbameini.
- Þvagræsilyf (vatnslosandi töflur) svo sem fúrósemíð.
- Kalíumuppbót (þar með talin saltlíki), kalíumsparandi þvagræsilyf svo sem spírónólaktón, tríamteren, amilóríð og önnur lyf sem aukið geta kalíummagn í blóðinu (t.d. trímétóprím og co-trímoxazól gegn sýkingum af völdum baktería, cíklósporín, ónæmisbælandi lyf sem notað er til að koma í veg fyrir höfnun ígræddra líffæra og heparín, lyf sem notað er til að þynna blóð og fyrirbyggja blóðtappa).
- Steralyf gegn bólgu svo sem prednisólón.
- Allópúrínól (notað til að minnka þvagsýru í blóðinu).
- Prókaínamíð (gegn hjartsláttartruflunum).
- Temsirolimus (við krabbameini).
- Lyf sem oftast eru notuð til að koma í veg fyrir höfnun ígræddra líffæra (sirolimus, everolimus og önnur lyf sem tilheyra flokki mTOR-hemla). Sjá kaflann „Varnaðarorð og varúðarreglur“.
- Vildagliptín (notað til að meðhöndla sykursýki af tegund 2).
- Racecadotril (notað við niðurgangi).

Láttu lækinn vita ef þú tekur eitthvert eftirtalinna lyfja. Þau geta orðið fyrir áhrifum af Ramíl:

- Lyf gegn sykursýki svo sem blóðsykurslækkandi lyf og insúlín. Ramíl getur lækkað magn blóðsykurs. Þú skalt fylgjast nákvæmlega með blóðsykrinum meðan þú tekur Ramíl
- Litíum (gegn geðrænum vandamálum). Ramíl getur aukið magn litíums í blóðinu. Læknirinn þarf að fylgjast nákvæmlega með magni litíums hjá þér.

Vera má að læknirinn þurfi að breyta skömmtum þessara lyfja og/eða gera aðrar varúðarráðstafanir:

Ef þú notar angíótensín II viðtakablokka eða aliskiren (sjá einnig upplýsingar undir „Ekki má nota Ramíl“ og „Varnaðarorð og varúðarreglur“)

Ef eitthvað af ofangreindu á við um þig (eða ef þú ert ekki viss) skalt þú ræða við lækinn áður en þú tekur Ramíl.

### **Notkun Ramíl með mat og áfengi**

Ef þú drekkur áfengi með Ramíl getur það valdið sundli eða aðsvifi. Ef þú vilt vita hve mikið þú getur drukkið meðan þú tekur Ramíl skalt þú ræða það við lækinn þar sem lyf notuð til að lækka blóðsykur og áfengi geta haft samleggjandi áhrif.

Ramíl má taka með eða án fæðu.

## Meðganga og brjóstgjöf

Við meðgöngu, brjóstgjöf, grun um þungun eða ef þungun er fyrirhuguð skal leita ráða hjá læknum eða lyfjafræðingi áður en lyfið er notað

### Meðganga

Láttu lækinn vita ef þig grunar að þú sért þunguð (eða gætir hugsanlega orðið þunguð).

Þú átt ekki að taka Ramíl á fyrstu 12 vikum meðgöngu og mátt alls ekki taka það frá 13. viku þar sem notkun þess á meðgöngu getur mögulega verið barninu skaðlegt.

Ef þú verður þunguð meðan þú tekur Ramíl áttu að segja læknum frá því strax. Skipta þarf yfir í aðra meðferð sem hentar betur áður en þungun er fyrirhuguð.

### Brjóstgjöf

Þú átt ekki að taka Ramíl ef þú ert með barn á brjósti.

## Akstur og notkun véla

Þú getur fundið fyrir sundli á meðan þú tekur Ramíl. Meiri líkur eru á þessu þegar þú byrjar að taka Ramíl eða byrjar að taka hærri skammt. Ef þetta gerist skalt þú hvorki aka né nota nein tæki eða vélar. Hver og einn verður að leggja mat á getu sína til aksturs og starfa sem krefjast óskertrar árvekni. Eitt af því sem getur haft áhrif á slíkt er lyf, vegna verkunar sinnar eða aukaverkana. Lýsing á verkun og aukaverkunum er í öðrum köflum fylgiseðilsins. Lesið því allan fylgiseðilinn. Ef þörf er á skal ræða þetta við lækni eða lyfjafræðing.

## Ramíl inniheldur laktósa

Ef óþol fyrir sykrum hefur verið staðfest skal hafa samband við lækni áður lyfið er tekið inn.

## Ramíl inniheldur natríum

Lyfið inniheldur minna en 1 mmól (23 mg) af natríum í hverri töflu, þ.e.a.s. er sem næst natríumlaust.

## 3. Hvernig nota á Ramíl

Notið lyfið alltaf eins og lækinn eða lyfjafræðingur hefur sagt til um. Ef ekki er ljóst hvernig nota á lyfið skal leita upplýsinga hjá læknum eða lyfjafræðingi.

### Hve mikið á að taka

#### *Meðferð við háum blóðþrýstingi*

- Ráðlagður upphafsskammtur er 1,25 mg eða 2,5 mg einu sinni á dag.
- Læknirinn mun aðlaga magnið sem þú tekur þar til stjórn hefur náðst á blóðþrýstingi hjá þér.
- Hámarksskammturinn er 10 mg einu sinni á dag.
- Ef þú ert að taka þvagræsilyf (vatnslosandi töflu), getur læknirinn viljað hætta eða minnka magnið af þvagræsilyfinu sem þú tekur áður en þú byrjar meðferðina með Ramíl.

#### *Til að minnka líkur á hjartaáfalli eða heilaslagi*

- Ráðlagður upphafsskammtur er 2,5 mg einu sinni á dag.
- Læknirinn getur síðan ákveðið að auka magnið sem þú tekur.
- Ráðlagður skammtur er 10 mg einu sinni á dag.

#### *Meðferð til að draga úr eða tefja versnun nýrnvandamála*

- Þú getur byrjað á skammti sem er 1,25 mg eða 2,5 mg einu sinni á dag.
- Læknirinn mun aðlaga magnið sem þú tekur.
- Ráðlagður skammtur er 5 mg eða 10 mg einu sinni á dag.

#### *Meðferð við hjartabilun*

- Ráðlagður upphafsskammtur er 1,25 mg einu sinni á dag.
- Læknirinn mun aðlaga magnið sem þú tekur.
- Hámarksskammtur er 10 mg á dag. Æskilegast er að taka hann í tvennu lagi.

### *Meðferð eftir hjartaáfall*

- Ráðlagður upphafsskammtur er 1,25 mg einu sinni á dag til 2,5 mg tvisvar á dag.
- Læknirinn mun aðlaga magnið sem þú tekur.
- Ráðlagður skammtur er 10 mg á dag. Æskilegast er að taka hann í tvennu lagi.

### *Aldraðir*

Læknirinn mun lækka upphafsskammtinn og aðlaga meðferðina hægar.

### **Taka lyfsins**

- Takið lyfið á sama tíma dag hvern.
- Kyngið töflunum heilum með vökva.

Fyrir 2,5 mg, 5 mg og 10 mg: Töflunni má skipta í jafna skammta.

### **Ef notaður er stærri skammtur en mælt er fyrir um**

Ef of stór skammtur af lyfinu hefur verið notaður, eða ef barn hefur í ógáti tekið inn lyfið skal hafa samband við lækni, sjúkrahús eða eitrunarmiðstöð (sími 543 2222). Ekki aka á sjúkrahúsið, fáðu einhvern til að keyra þig eða hringdu á sjúkrahíl. Taktu umbúðirnar utan af lyfinu með þér. Það er til þess að læknirinn viti hvað þú hefur tekið.

### **Ef gleymist að taka Ramíl**

- Ef þú gleymir skammti, taktu venjulegan skammt þegar kemur að honum næst.
- Ekki á að tvöfalda skammt til að bæta upp skammt sem gleymst hefur að taka.

Leitaðu til læknisins eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um notkun lyfsins.

## **4. Hugsanlegar aukaverkanir**

Eins og við á um öll lyf getur þetta lyf valdið aukaverkunum en það gerist þó ekki hjá öllum.

### **Hættu að taka Ramíl og farðu strax til læknis ef þú verður var/vör við einhverja af eftirtöldum alvarlegum aukaverkunum - þú gætir þarfnast bráðrar læknismeðferðar:**

- Þrota í andliti, vörum eða hálsi sem veldur kyngingar- eða öndunarerfiðleikum, auk kláða og útbrot. Þetta geta verið einkenni alvarlegra ofnæmisviðbragða fyrir Ramíl
- Alvarlegum viðbrögðum í húð þ.m.t. útbrotum, sárur í munni, versnun húðsjúkdóms, roða, blóðrumyndun eða losi í húð (svo sem Stevens-Johnson heilkenni, eitrunardrepi í húðþekju eða regnbogaroða).

### **Láttu lækninn vita strax ef þú finnur fyrir:**

- Hraðari hjartslætti, ójöfnum eða öflugum hjartslætti (hjartsláttarónot), brjóstverk, þyngslum fyrir brjósti eða alvarlegri vandamálum, þ.m.t. hjartaáfalli og heilaslagi
- Mæði eða hósta. Þetta geta verið einkenni lungnavandamála
- Marblettum af litlu tilefni, lengingu blæðingatíma, einkennum blæðinga (t.d. blæðingum í tannholdi), fjólubláum blettum á húð eða sýkingum af minna tilefni en venjulega, særindum í hálsi og hita, þreytu, yfirlíði, sundli eða fölva á húð. Þetta geta verið einkenni vandamála í blóði eða beinmerg
- Alvarlegum magaverkjum sem geta náð aftur í bak. Þetta geta verið einkenni brisbólgu.
- Hita, kuldaþrolli, þreytu, lystarleysi, magaverk, ógleði, gulnun húðar eða augna (gula). Þetta geta verið einkenni lifrарvandamála svo sem lifrарbólgu eða lifrарskemmda.

### **Aðrar aukaverkanir eru m.a.:**

Láttu lækninn vita ef einhverjar eftirtalinna aukaverkana verða alvarlegar eða vara í meira en nokkra daga.

**Algengar** (geta komið fyrir hjá færri en 1 af hverjum 10 einstaklingum)

- Höfuðvekur eða þreyta
- Sundl. Meiri líkur eru á þessu þegar þú byrjar að taka Ramíl eða byrjar að taka hærri skammt
- Yfirlíð, lágþrýstingur (óeðlilega lágur blóðþrýstingur), einkum þegar þú stendur upp eða sest upp snögglega
- Þurr ertandi hósti, bólga í skútum eða berkjubólga, mæði
- Verkur í maga eða þörmum, niðurgangur, meltingartruflanir, ógleði eða uppköst
- Húðútbrot með eða án upphleypra svæða
- Brjóstverkur
- Krampar eða verkir í vöðvum
- Meira kalíum en venjulega kemur fram í blóðprófum.

**Sjaldgæfar** (geta komið fyrir hjá færri en 1 af hverjum 100 einstaklingum)

- Jafnvægisvandamál (svimi)
- Kláði og óvenjuleg tilfinning í húð svo sem dofí, náladofi, stingir, sviði eða eins og eitthvað skríði á húðinni (tilfinningarglöp)
- Breytingar eða tap á bragðskyni
- Svefnvandamál
- Þunglyndistilfinning, kvíði, meiri taugaóstyrkur en venjulega eða eirðarleysi
- Stíflað nef, erfiðleikar við öndun eða astmi versnar
- Protí í þörmum (ofsabjúgur í þörmum) sem einkennist af kviðverk, uppköstum og niðurgangi
- Brjóstsviði, hægðatregða eða munnpurrkur
- Meiri þvaglát en venjulega yfir daginn
- Skert nýrnastarfsemi, skyndileg vanhæfni nýrna til að starfa eðlilega
- Meiri svitamyndun en venjulega
- Matarlyst minnkar eða hverfur (lystarstol)
- Aukinn eða óreglulegur hjartsláttur
- Protí á hand- og fótleggjum. Þetta getur verið vísbending um uppsöfnun vatns í líkamanum
- Andlitsroði
- Þokusýn
- Verkur í liðum
- Hiti
- Getuleysi hjá körlum, skert kynhvöt hjá körlum eða konum
- Aukinn fjöldi vissra tegunda hvítra blóðkorna (eósínfíklafjöld) sést í blóðprufum
- Breytingar í starfsemi lifrar, briss eða nýrna sjást í blóðprufum.

**Mjög sjaldgæfar** (geta komið fyrir hjá færri en 1 af hverjum 1.000 einstaklingum)

- Skjálfti eða rugl
- Rauð og þrútin tunga
- Alvarleg flögnun á húð, upphleypt útbrot með kláða
- Naglavandamál (neglur t.d. losna eða detta af)
- Húðútbrot eða mar
- Flekkir á húð og kaldir útlimir
- Roði, kláði eða vökvi í augum
- Heyrnartruflanir eða eyrnasuð
- Máttleysi
- Fækkun rauðra blóðkorna, hvítra blóðkorna eða blóðflagna eða lækkun blóðrauða sést í blóðprufum.

**Koma örsjaldan fyrir** (geta komið fyrir hjá færri en 1 af hverjum 10.000 einstaklingum)

- Aukið næmi fyrir sólarljósi.

**Tíðni ekki þekkt** (ekki er hægt að áætla tíðni út frá fyrirliggjandi gögnum)

- Þykkt þvag (dökkt að lit), slæm líðan eða veikindi, vöðvakrampi, ringlun og flog sem getur verið vegna röskunar á seytingu ADH (þvagstemmuvaki). Ef þú hefur þessi einkenni skaltu hafa samband við lækinn eins fljótt og hægt er
- Einbeitingarörðugleikar

- Sár í munni
- Blóðprufur geta sýnt aukið magn mótefna
- Blóðprufur sýna of fáar blóðfrumur í blóðinu
- Minna natríum en venjulega kemur fram í blóðprufum
- Fingur og tær breyta um lit ef þér er kalt og þú finnur fyrir náladofa eða verkjum þegar þér hlýnar (Raynauds heilkenni)
- Brjóstastækkun hjá körlum
- Hæg eða skert viðbrögð
- Sviðatilfinning
- Breytt lyktarskyn
- Hárlos.

Tíðni eftirfarandi aukaverkana er hærri hjá börnum en fullorðnum:

**Algengar** (geta komið fyrir hjá færri en 1 af hverjum 10 einstaklingum)

- Aukin hjartsláttartíðni, nefstíflur eða nefrennsli
- Roði, kláði, þroti eða vökvi í augum

**Sjaldgæfar** (geta komið fyrir hjá færri en 1 af hverjum 100 einstaklingum)

- Skjálfti, kláði í húð

### Tilkynning aukaverkana

Látið lækinn, lyfjafræðing eða hjúkrunarfræðinginn vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir beint til Lyfjastofnunar, [www.lyfjastofnun.is](http://www.lyfjastofnun.is). Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

## 5. Hvernig geyma á Ramíl

Geymið lyfið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Ekki skal nota Ramíl eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á umbúðunum á eftir EXP. Fyrningardagsetning er síðasti dagur mánaðarins sem þar kemur fram.

Geymið við lægri hita en 25°C.

Geymið í upprunalegum umbúðum.

Ekki má skola lyfjum niður í frárennislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi. Leitið ráða í apóteki um hvernig heppilegast er að farga lyfjum sem hætt er að nota. Markmiðið er að vernda umhverfið.

## 6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

### Ramíl inniheldur

- Virka innihaldsefnið er ramipríl.
- Hver tafla inniheldur 2,5 mg, 5 mg eða 10 mg af ramipríli.
- Önnur innihaldsefni eru natríumhýdrógenkarbónat, laktósaeinhýdrat, natríumkroskarmellósa, forhleypt sterkja, natríumsterýlfúmarat. Litarefni: 2,5 og 5 mg töflurnar innihalda gult járnnoxíð (E172). 5 mg töflurnar innihalda einnig rautt járnnoxíð (E 172).

### Lýsing á útliti Ramíl og pakkningastærðir

Útlit

Ramíl 2,5 mg töflur eru gular, hylkjalaga, flatar töflur með deiliskoru á annarri hliðinni og á brúnum. Töflurnar eru merktar “R2”.

Ramíl 5 mg töflur eru bleikar, hylkjalaga, flatar töflur með deiliskoru á annarri hliðinni og á brúnum. Töflurnar eru merktar “R3”.

Ramíl 10 mg töflur eru hvítar til beinhvítar, hylkjalaga, flatar töflur með deiliskoru á annarri hliðinni og á brúnum. Töflurnar eru merktar “R4”.

Pakkningastærðir

10, 14, 20, 28, 30, 42, 50, 90, 98 og 100 töflur.

Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðssettar.

### **Markaðsleyfishafi og framleiðandi**

#### **Markaðsleyfishafi**

Teva B.V.  
Swensweg 5  
2031 GA Haarlem  
Holland

#### **Framleiðandi**

Actavis Ltd.  
BLB016 Bulebel Industrial Estate  
Zejtun ZTN 3000  
Malta

Actavis (Balkanpharma) Dupnitsa AD  
3 Samokovsko Shose Str.  
Dupnitsa 2600  
Búlgaríá

#### **Umboð á Íslandi**

Teva Pharma Iceland ehf.  
Dalshraun 1  
220 Hafnarfjörður

**Þessi fylgiseðill var síðast uppfærður í febrúar 2023.**